

## 216. fundur Umferðarráðs

216. fundur Umferðarráðs var haldinn í húsakynnum Umferðarstofu að Borgartúni 30, 13. júní 2007 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Kjartan Magnússon, Birna Hreiðarsdóttir, Ástgeir Þorsteinsson, Dagrún Jónsdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Runólfur Ólafsson, Ólafur Kr. Guðmundsson, Kalman le Sage de Fontenay, Guðmundur Haraldsson, Hjálmar Björgvinsson, Halla Halldórsdóttir, Jón Ólafsson, Sigrún A. Þorsteinsdóttir, Birgir Hákonarson, Auður Þóra Árnadóttir og Jón Haukur Edwald. Auk þeirra sátu fundinn Einar Magnús Magnússon og Sigurður Helgason sem skrifaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru til umræðu á fundinum:

### 1. Endurskoðun umferðarlaga

Birna Hreiðarsdóttir lögfræðingur kynnti hvaða undirbúningur hefur átt sér stað vegna fyrirhugaðra breytinga á umferðarlögum. Hún sagðist vilja að umræður yrðu sem óformlegastar. Hún sagði að fyrirverandi ráherra, Sturla Böðvarsson hefði haft áhuga á að endurskoða lögina. Hún sagði að lögina væru reyndar góð, en svolítið vantaði á að greinargerð sem þeim fylgdi væri nógu skýr. Skýringu á því væri að finna í þeirri staðreynd að þegar þau hafi verið samin hafi verið ráðinn maður í verkið, en hún væri í raun ófullkomin. Hún sagði að búið væri að ákveða verkefni, en ekki að skipa nefndina til að leggja fram nauðsynlegar breytingar. Hún sagði að erfitt væri að bylta lögum vegna ríkjandi dómahefðar í þessum málum. Hún sagði að stjórn Umferðarráðs vildi leita hugmynda frá ráðsmönnum. Meðal þess sem hún taldi að þyrfti að skoða væri varðandi hraðamyndavélar og hlutlæga ábyrgð. Ber til dæmis eigandi skýlausa ábyrgð þegar bíll hans lendir í myndavél? Til slíkra hluta þurfi að taka afstöðu. Hún sagði að stofnunin Umferðarráð hefði verið felld inn í samstarf við Skráningarstofuna í Umferðarstofu og hún taldi að nauðsynlegt væri að skoða starfsemi ráðsins sem slíks. Hafa þyrfti í huga að aldrei mætti vanmeta „grasrótina“ í þessu störfum. Birna sagði að séð yrði til þess að fulltrúar í Umferðarráði fengju að fylgjast með gangi þessara mála.

### 2. Umferðaröryggisvika Sameinuðu þjóðanna – uppgjör

Einar Magnús Magnússon fór yfir helstu verkefni í vikunni. Hann sagði frá akstursæfingu, sem efnt var til á svæði inn á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og frá spjalli sem komið var á fót á netinu í tengslum við það. Hugsunin á bak við þetta var að gera tilraun til að vinna með þeim hópum sem líklegastir eru til að standa í hraðakstri og kappakstri. Hann sagði að Landsbjörg hefði skrifað greinar í dagblöð, sem reyndar hefðu ekki verið birtar í vikunni, en eftir hana. Hann sagði að lögreglan hefði verið mjög sýnileg í vikunni og virk í störfum sínum. Umferðarstofa og Forvarnahúsið efndu í sameiningu til sýningar í Forvarnahúsinu þar sem ýmsir öryggismöguleikar voru kynntir og var hún flutt í Smáralind á laugardegi í umferðarvikunni. Þá var haldinn vel heppnaður fræðslufundur fyrir stjórnmalamenn,

bæði á landsvísu og í sveitarstjórnnum til að vekja athygli á hlutverki þeirra og mikilvægi í umferðaröryggismálum.

### 3. Kynning á sérstökum fundi með samgönguráðherra

Kjartan Magnússon kynnti fyrirhugaðan fund með samgönguráðherra á haustmánuðum. Hann sagði að Umferðarráð ætti að vera ráðherra til ráðgjafar og að þar á milli þyrfti að vera gagnkvæmur trúnaður. Hann sagði að flutningur á milli ráðuneyti hefði tekist vel og að möguleikar hefðu aukist á að sameina vegagerð og starf að umferðaröryggismálum. Hann sagðist vera ánægður með áhuga ráðherra á umferðaröryggismálum. Hann sagði að í gegnum tíðina hefðu samgönguráðherrar á landsbyggðinni hugsað meira um vegabætur en umferðaröryggi. Mest hefi verið lagt malbik á sem flesta kílómetra og minna hefði verið hugsað um umhverfi vega. Hann sagði að rétt væri að ráðið í heild héldi sérstakan fund með ráðherra og það yrði næsti fundur ráðsins. Þar gæti hver og einni kynnt sín sjónarmið á þremur mínútum. Með þeim hætti fengi ráðherra mikinn fróðleik á stuttum tíma.

### 4. Ályktanir

Kjartan Magnússon sagði að hann vildi að Umferðarráð ályktaði um mikilvæg mál sem varða umferðina. Hann lagði fram drög að ályktunum og voru þær ræddar meðal ráðsmanna, en að lokum var samþykkt að stjórn Umferðarráðs gengi endanlega frá þeim að fengnum athugasemdum fundarmanna.

Fundi var slitið kl 14.00